



TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um samstarf og greiningarvinnu til að styrkja kennsluhætti í þeim námsgreinum sem PISA-könnunin nær til

Skóla- og frístundaráð samþykkir að efnt verði til víðtæks samstarfs og greiningarvinnu til að styrkja kennsluhætti í þeim þremur námsgreinum sem Pisa-könnunin nær til. Í því skyni verði hafnar viðræður við menntamálaráðuneytið, menntastofnanir sem sinna rannsóknum á þessu sviði sem og alla hagsmunaaðila skólasamfélagsins; kennara, skólastjórnendur, foreldra og foreldrasamtök um leiðir til úrbóta. Skóla- og frístundasviði verði falið að hefja þessa vinnu án tafar.

Greinargerð:

PISA-könnunin er eina alþjóðlega samanburðarmælingin á frammistöðu menntakerfisins, sem fram fer hér á landi, og gefur áreiðanlegar og sambærilegar upplýsingar um þróun yfir tíma og því mikilvægt mælitæki sem á að nýta í þeim tilgangi að bæta frammistöðu nemenda. Reykvískir nemendur mælast undir meðaltali OECD ríkjanna og Norðurlandanna í Pisa-könnuninni 2022 í öllum þeim þremur námsgreinum sem könnunin nær til. Þessi alvarlega niðurstaða kallar á skjót og markviss viðbrögð til að bæta stöðu reykvískra nemenda.